ÍÞRÓTTAFRÉTTIR Morgunblaðsins

Ragnhildur á 2:17,8 mín

Bætti Íslandsmetið um nær 3 sek.

RAGNHILDUR Pálsdóttir úr Stjörnunni í Garðahreppi setti nýtt Íslandsmet í 800 metra hlaupi kvenna á móti sem hún tók þátt í í Solihill í Englandi í fyrrakvöld. Hljóp Ragnheiður vegalengdina á 2:17,8 mín. Lilja Guðmundsdóttir úr ÍR átti eldra metið og var það 2:20,2 mín. — sett á meistaramóti Íslands í fyrrasumar.

Ragnhildur varð önnur í hlaupinu í Solihill í fyrrakvöld. Sigurvegarinn heitir Petitjean og hljóp hún á 2:17,5 mín. Mjög óhagstætt veður var er hlaupið fór fram — hávaðarok, og spillti það mjög árangrinum. Ætti því Ragnhildur að geta bætt tíma þennan verulega við betri skilyrði.

Ragnhildur mun dvelja ytra við æfingar og keppni fram til 14. júní n.k. Með þessum árangri náði hún betri tíma en 1. gráða í aldursflokki 15—16 ára er í Englandi og fær því rétt til þess að keppa með eldri stúlkum. Tryggir það henni meiri keppni og um leið ætti einnig að vera von á betri árangri.

Víkingur

ÞRIÐJUDAGINN 29. maí verður formlega stofnuð borðtennisdeild innan Knattspyrnufélagsins Víkings. Fundurinn verður haldinn í Víkingsheimilinu við Hæðargarð og hefst klukkan 20.30.

Viren annar

FINNSKI hindrunarhlauparinn Tapio Kantanen sigraði í 5 km víðavangshlaupi sem fram fór í St. Michel um síðustu helgi. Hljóp hann vegalengdina á 14:34 mín. Annar í hlaupinu varð gullmaðurinn frá leikunum í München, Lasse Viren, sem hljóp á 14:37 mín. og þriðji varð Esko Lipsonen á 14:38 mín. Í St. Michel fór einnig fram 15 km víðavangshlaup og var Pekka Päivärinta sigurvegari í því á 45:29 mín.

Sænskt met

ASA Westman setti nýlega sænskt met í spjótkasti kvenna — kastaði 55,02 metra á móti sem fram fór í Karlstad. Gamla metið, sem orðið var níu ára, átti P. Almqvist og var það 52,12 metrar. Á sama móti náði Sune Blomqvist bezta árangri ársins í Svíþjóð í sleggjukasti er hann kastaði 64,40 metra og Lauri Koski Vähälä kastaði spjóti 78,36 metra.

Þotukeppni Flugfélagsins

ÞOTUKEPPNI Flugfélags Íslands hjá Golfklúbbnum Keili, hefst kl. 9 fyrir hádegi á morgun á Hvaleyrarvellinum. Rástímar verða sem hér segir:

Kl. 9,00: Haukur Guðmundsson, Einar Guðnason, Svan Friðgeirsson og Þórhallur Hólmgeirsson.
Kl. 9,10: Sigurður Thorarensen, Júlíus R. Júlíusson, Hólmgeir Guðmundsson, Óttar Ungvason.
Kl. 9,20: Pétur Björnsson, Pétur Antonsson, Atli Aðalsteinsson, Þorbjörn Kjærbo.
Kl. 9,30: Ingólfur Isebarn, Ólafur Loftsson, Pétur Auðunsson, Jakobína Guðlaugsdóttir.
Kl. 9,40: Ingólfur Helgason, Sverrir Einarsson, Eyjólfur Jóhannsson, Sigurður Hafsteinsson.
Kl. 9.50: Viðar Þorsteinsson, Gísli Sigurðsson, Kjartan L. Pálsson, Ingimundur Árnason.
Kl. 10.00: Magnús Hjörleifsson Marteinn Guðjónsson, Bert Hansson, Sigurður Albertsson.
Kl. 10,10: Arnar Ingólfsson, Gunnar Kvaran, Sigurjón R. Gíslason, Magnús Guðmundsson.
Kl. 10.20: Jóhann Reynisson, Jón Árnason Þorsteinn Björnsson, Grímur Thorarensen.
Kl. 10.30: Guðbjartur Jónsson, Björn Finnbjörnsson, Jón Ólafsson.
Kl. 10,40: Pétur Eliasson, Sverrir Guðmundsson, Birgir Þorgilsson.
Kl. 10.50: Ólafur Ág. Þorsteinsson, Sigurjón Hallbjörnsson, Gunnar Pétursson, Sigurður Héðinsson, Atli Arason.
Kl. 13.30: Hafsteinn Þorgilsson, Jóhann Benendiktsson, Birgir Björnsson, Kári Eliasson.
Kl. 13.40: Kristján Ástráðsson, Guðmundur Ragnarsson, Hallur Þórmundsson, Sveinbjörn Björnsson.
Kl. 13,50: Marteinn Guðnason, Valur Fannar, Eiríkur Smith, Elías Kárason.
Kl. 14,00: Ólafur H. Ólafsson, Ágúst Þ. Eiríksson, Elías Helgason, Ágúst Svavarsson.
Kl. 14.10: Ólafur Gunnarsson, Ragnar Guðmundsson.

Fylkisblað og fundur

ÍÞRÓTTAFÉLAG Árbæinga, Fylkir, hefur gefið út félagsblað, þar sem greint er frá hinu fjölþætta starfi félagsins, í máli og myndum. Meðal efnis í blaðinu er grein um handknattleikinn í Fylki, og viðtöl við fyrirliða hinna ýmsu flokka, um knattspyrnuna, grein er um Árbæjarhlaupið, áramótabrennu Fylkis og fl.

Fylkir hefur einnig boðað til útbreiðslufundar sem haldinn verður á morgun, laugardaginn 19. maí og hefst fundurinn kl. 15.00 í hátíðasal Árbæjarskóla. Fundarefnið er: Umræður um starfsemi Fylkis, verðlaunaafhending fyrir Árbæjarhlaupið 1973 og skemmtiatriði. Skorar stjórn félagsins á Árbæinga að fjölmenna á fundinn með börnum sínum og taka þátt í störfum félagsins.

Notað völlinn í 10 ár — sagði Bogi Þorsteinsson

BOGI Þorsteinsson hafði samband við Mbl. í gær út af frétt þeirri er þá birtist í blaðinu um knattspyrnuaðstöðu Vestmannaeyinga. Kvaðst Bogi vilja láta það koma fram að Njarðvíkingar hefðu notað grasvöllinn þar sem heimavöll sinn undanfarin 10 ár og auk þess hefði Njarðvíkurliðið æft á vellinum þangað til í fyrra. Þá þurfti að gera miklar umbætur á vellinum og gerðu Njarðvíkingar þá samning við Keflvíkinga, þannig að þeir tóku að sér viðhald og viðgerð á vellinum en fá í staðinn tvö æfinga kvöld í viku. Var Njarðvíkurvöllurinn ekki nýttur í fyrra fyrr en komið var fram í ágúst.

— Við buðum Vestmannaeyingum að leika sína heimaleiki á vellinum hjá okkur, þegar í vor, sagði Bogi, — og einnig eft irlátum við þeim einn æfingatíma í viku, af okkar eigin tíma. Það er hins vegar rétt að Vestmannaeyingar hafa óskað eftir því að ÍBK gæfi eftir annan sinn æfingatíma á vellinum, og hefur verið ákveðið að reyna að hliðra til fyrir þeim eftir því sem mögu legt þykir. Þess má að lokum geta að Njarðvíkurvöllurinn hefur komið mjög vel undan vetri og er nú sennilega einn bezti grasvöllur landsins.

N-Írar unnu Skota

NORÐUR-ÍRLAND og Skotland léku í Bretlandseyjaknattspyrnunni í fyrrakvöld og sigruðu þeir fyrrnefndu með tveimur mörkum gegn einu. Við þetta vænkaðist hagur Englendinga til muna, og nægir þeim jafntefli í leiknum við Skota, sem fram fer á Wembley á morgun. Trevor Anderson, leikmaður Manchester United, lagði grunn inn að þessum óvænta sigri. Á fjórðu mínútu átti hann heiðurinn af marki Martin O'Neil og á 17. mínútu skoraði hann sjálfur. Seint í leiknum bætti Kenny Dalglish stöðu Skota með ágætu marki.

Staðan í Bretlandseyjakeppninni er nú þessi:

England	2	2	0	0	5—1	4
Skotland	2	1	0	1	3—2	2
N-Írland	2	1	0	1	3—3	2
Wales	2	0	0	2	0—5	0

Kári Eiríksson sýnir í Kjarvalsstöðum

KÁRI Eiríksson listmálari opnar á morgun (laugardag) 19. maí málverkasýningu í myndlistarhúsinu á Miklatúni. Sýnir hann þar 79 olíumálverk máluð á síðastliðnum fjórum árum. Er þetta þar með fyrsta einkasýning sem haldin er í hinu nýja húsi. Sýningin verður opnuð almenningi kl. 4 og stendur í aðeins rúma viku, eða til sunnudagskvölds 27. maí. Vegna fundar þeirra Nixons og Pompidous á sama stað verður sýningin ekki framlengd.


Skemmtiferðaskipin koma a.m.k. 28 sinnum

MORGUNBLAÐIÐ skýrði frá því fyrir stuttu að 26 skemmtiferðaskip væru væntanleg hingað í sumar á vegum Zoëga og Ferðaskrifstofu ríkisins. Nú hefur komið í ljós að þau verða fleiri, því tvö skip Norsku Ameríku-línunnar Vistafjord og Sagafjord koma hingað í júlí á vegum ferðaskrifstofunnar Úrvals. Vistafjord kemur 2. júlí með 500 Bandaríkjamenn og Sagafjord, sem er svo til nýtt skip kemur 23. júlí með 400 Bandaríkjamenn. Þessi skip hafa ekki komið hingað áður. Þannig verða komur skemmtiferðaskipa til landsins í sumar ekki 26 heldur 28, og verið getur að einhver eigi eftir að bætast í hópinn.

NÝR PRESTUR Á ÓLAFSFIRÐI

PRESTKOSNINGAR fóru fram í Ólafsfjarðarprestakalli sunnudaginn 13. maí. Einn umsækjandi var séra Úlfar Guðmundsson settur sóknarprestur.

Á kjörskrá voru 607. Atkvæði greiddu 432. Umsækjandi hlaut 430 atkvæði, einn seðill varð auður og einn ógildur. Kosningin er lögmæt.



HREINSUN á götum í Vestmannaeyjum er haldið áfram af miklum krafti, og hefur hreinsunin gengið vonum framar. Á þessari mynd er verið að hreinsa af götunum í vesturbænum. Svörtu strikin á húsinu lengst til hægri sýna vel hvað gjallið hefur náð hátt upp á veggi húsanna.
Ljósm. Mbl.: Sigurgeir.

— Iðgjöld

Framhald af bls. 2.

lífeyrisgreiðslur á sama hátt og er gert í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og ýmsum fleiri sjóðum."

Einnig var rætt um tilmæli stjórnvalda um kaup lífeyrissjóða á verðtryggðum skuldabréfum Framkvæmdasjóðs ríkisins fyrir 280 millj. kr. á þessu ári.

Í stjórn voru kjörnir: Bjarni Þórðarson, tryggingafræðingur, Gunnar Zoëga, löggiltur endurskoðandi, Gunnlaugur J. Briem, fulltrúi, Hermann Þorsteinsson, framkvæmdastjóri, og Þórhallur Halldórsson, framkvæmdastjóri, og í varastjórn Eyþór Þórðarson, vélstjóri, og Tómas Guðjónsson, vélstjóri.

Endurskoðendur voru kjörnir: Einar Th. Magnússon, fulltrúi, og Lárus Halldórsson, löggiltur endurskoðandi.

— Landhelgisdeilan

Framhald af bls. 17.

nú herskipavernd, en það muni þó ekki þýða, að algjört stríð brjótist út, heldur muni ríkisstjórnin láta herskipin fara inn fyrir 50 mílurnar og þar með sýna nærveru freigátanna, en til þessa hafa þær tvær freigátur, sem verið hafa í námunda við Ísland ávallt haldið sig utan við 50 mílurnar eða hið umdeilda svæði eins og það er gjarnan kallað í fréttaskeytum AP.

Brezki fiskiðnaðurinn myndaði í gær 16 manna „Þorskastríðsnefnd", sem sat í gær á fundi í Hull. Fundinum átti að ljúka síðdegis í gær og þær upplýsingar fékk Mbl. hjá brezka utanríkisráðuneytinu í gær, að J. A. Godber, sjávarútvegsráðherra myndi að loknum fundinum fara til Hull og ræða við talsmenn brezka fiskiðnaðarins.

„4 Á LEIÐ TIL BJARNAREYJAR"

Að sögn talsmanns Landhelgisgæzlunnar var óbreytt ástand á miðunum kringum landið í gærkvöldi, og hafði enginn togari hafið veiðar á ný þrátt fyrir tilmæli brezkra togaraeigenda.

Nú er vitað um fjóra togara, sem ætluðu á miðin við Bjarnarey. Íslenzk varðskip hafa fylgzt með aðferð togaranna og í morgun gerði aðstoðarskipið Othello ákveðna tilrauna til að lokka her skip inn fyrir 50 mílna mörkin, með því að segja í æsitón að íslenzk varðskip væru að reyna að taka togarann Boston Explorer FD 15, en enginn fótur var fyrir þeirri frétt. Þetta varð þó til þess, að þyrla frá brezkri freigátu flaug yfir svæðið á meðan. Tvær brezkar freigátur eru fyrir utan Austfirði, heita þær Barric og Plymouth, og eru rétt við 50 sjómílna mörkin.

Brezki togarinn Lord Lowat H 148, er með vélarbilun út af Langanesi og í gærkvöldi voru dráttarbátarnir þrír í kringum hann, og að auki Othello.